



Starfsemi heilbrigðisþjónustu í annarri og þriðju bylgju COVID-19

Síðan fyrsta bylgja COVID-19 faraldursins skall á, frá lokum febrúarmánaðar 2020, hefur embætti landlæknis fylgst sérstaklega náið með starfsemi heilbrigðisþjónustunnar. Í þessari umfjöllun verða mismunandi tímabil faraldursins borin saman, þ.e. fyrsta bylgja snemma á árinu, sumarið þegar smit voru fá og síðan önnur og þriðja bylgja þegar faraldurinn fór aftur af stað síðsumars. Sérstaklega verður fjallað um aðra og þriðju bylgju, eða tímabilið frá byrjun ágúst til loka nóvembermánaðar (vikur 31 til 48). Á þessu tímabili var 14 daga nýgengi innanlandssmita hæst um miðjan október, 292 á hverja 100.000 íbúa. Um svipað leyti kom upp hópsýking á Landakoti sem barst á fleiri öldrunarstofnanir með alvarlegum afleiðingum fyrir íbúana. Í kjölfarið var Landspítali settur á neyðarstig, í fyrsta skipti í sögu spítalans. Miklar takmarkanir voru á starfsemi samfélagsins á þessum tíma sem höfðu víðtæk áhrif á allt daglegt líf, þar með talið atvinnulíf, skólastarf og heilbrigðisþjónustu. Valkvæðum aðgerðum var til að mynda frestað tímabundið frá 26. október til 11. nóvember 2020.

Ef á heildina er litið fjölgaði samskiptum við heilsugæslu um 20% í vikum 31-48 árið 2020 í samanburði við sama tímabil 2019. Er það umfram árlega fjölgun

samskipta síðustu ár en svipuð aukning og í fyrstu bylgju. Mikil fjölgun varð á símtölum og rafrænum samskiptum en komum á heilsugæslustöðvar fækkaði hins vegar, þó mun minna en í fyrstu bylgju. Á sama tíma fækkaði útskriftum af sjúkrahúsum að meðaltali um 3% og komum á dag- og göngudeildir fækkaði að meðaltali um 9%. Mun meiri samdráttur varð á sjúkrahúsaþjónustu í fyrstu bylgju faraldursins heldur en í annarri og þriðju bylgju. Hið sama má segja um samskipti við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna en komum til þeirra fækkaði eingöngu um 3% í vikum 31-48 miðað við sama tímabil árið áður.

Starfsemi heilbrigðisþjónustunnar var greind út frá gögnum í heilbrigðisráðgjafi, einkum vistunarskrá heilbrigðisstofnana, samskiptaskrá heilsugæslustöðva og lyfjagagnagrunni en allar skrárnar innihalda gögn í rauntíma. Einnig var rýnt í tölur frá Sjúkratryggingum Íslands um samskipti við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, tannlækna og sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

	Vika	Viðbrögð
Fyrsta bylgja	9	Fyrsta COVID-19 tilfelli greint. Hættustig
	10	Neyðarstig
	12	100 manns, 2m fjarlægð. Framhalds- og háskólum lokað
	13	20 manns. Valkvæðum aðgerðum frestað tímabundið
Fá smit	19	50 manns. Tannlæknaþjónusta og valkvæðar aðgerðir heimilar
	20	Ferðatakmarkanir rýmkaðar. Nýjar reglur um sóttkví
	22	200 manns. Hættustig
	29	Tvöföld sýnataka á landamærum
Önnur og þriðja bylgja	31	100 manns, 2m fjarlægð
	34	Sóttkví í stað smitgátar á milli landamærasýna
	37	200 manns, 1m fjarlægð
	38	Skemmtistöðum og krám á höfuðborgarsvæðinu lokað tímabundið
	41	20 manns, 1m fjarlægð
	41	2m utan höfuðborgarsvæðisins, andlitsgrímur ef ekki er hægt að tryggja 2m
	43	2m um allt land
	44	Valkvæðum aðgerðum frestað tímabundið
44	10 manns, 2m fjarlægð	
46	Valkvæðar aðgerðir heimilaðar	

Efni: Starfsemi heilbrigðisþjónustu í annarri og þriðju bylgju COVID-19

bls. 1

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



Komum til sjálfstætt starfandi sérgreina-lækna fækkaði mun meira í fyrstu bylgju faraldursins.


Mikill samdráttur varð á útleystum sýklalyfjaávisunum, einkum vegna barna undir 4 ára aldri. Á það bæði við um fyrstu, aðra og þriðju bylgju faraldursins. Á hinn bóginn var nokkur aukning á ávisunum á þunglyndislyf á árinu, sér í lagi hjá börnum undir 18 ára aldri. Var aukningin sýnu meiri í annarri og þriðju bylgju heldur en í þeirri fyrstu.

Mikil munur var á fjölda tiltekinnna skurðaðgerða á árinu miðað við sama tímabil í fyrra. Skýrist það af fyrirmælum embættis landlæknis, staðfestum af heilbrigðisráðherra, um að ekki skyldi framkvæma valkvæðar skurðaðgerðir á tímabilinu 23. mars til og með 3. maí (í vikum 13-18) og 27. október til og með 11. nóvember (í vikum 44-46).


Heilsugæsla

Heildarfjöldi samskipta

Í vikum 31-48 árið 2020 var fjöldi skráðra samskipta við heilsugæslustöðvar á landinu öllu rúmlega 940 þúsund, eða 20% fleiri en á sama tíma árið 2019 (mynd 1). Er það sambærileg aukning og var í fyrstu bylgju COVID-19 í vikum 10-19. Þess ber að geta að samskiptum, bæði komum og ekki síður rafrænum samskiptum, hefur fjölgað ár frá ári undanfarin ár en aukningin var meiri milli 2019 og 2020 en árin á undan. Mest var aukningin í rafrænum samskiptum í annarri og þriðju bylgju, t.d. samskiptum í gegnum Heilsuveru, eða 90% á milli ára (mynd 2). Einnig fjölgaði símtölum verulega, eða um 40%. Á árinu hefur ýmis fjarþjónusta verið eflað á heilsugæslustöðvum. Símaþjónusta hefur til að mynda verið aukin til muna og þjónusta í gegnum vefinn heilsuvera.is hefur verið eflað. Á hinn bóginn dróst fjöldi koma á heilsugæslustöðvar saman um 14% á fyrrnefndu tímabili



Mynd 1. Heildarfjöldi samskipta á heilsugæslustöðvum eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: samskiptaskrá heilsugæslustöðva.



Mynd 2. Rafræn samskipti og símtöl á heilsugæslustöðvum eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: samskiptaskrá heilsugæslustöðva.

sem er talsvert minni samdráttur heldur en í fyrstu bylgju COVID-19. Þá fækkaði komum á heilsugæslustöðvar um 41% í samanburði við fyrra ár.

Sjúkrahús

Heildarfjöldi lega

Útskriftum af sjúkrahúsum/heilbrigðisstofnunum landsins fækkaði ekki jafn mikið milli ára í annarri og þriðju bylgju COVID-19 (-3%) og í fyrstu bylgjunni (-13%) (mynd 3). Þannig varð lítil breyting á fjölda útskrifta af Landspítala í vikum 31-48, miðað við sama tíma í

fyrra, en útskriftum fækkaði hins vegar um 14% á Sjúkrahúsinu á Akureyri og um 9% á öðrum sjúkrahúsum. Í annarri og þriðju bylgju fækkaði útskriftum af sjúkrahúsum mest í vikum 44-46 þegar valkvæðum aðgerðum var frestað tímabundið vegna fjölgunar COVID-19 smita.

Sjúkrahúslegur á Landspítala vegna COVID-19 og COVID-19 göngudeild

Í annarri og þriðju bylgju faraldursins, í vikum 31-48, voru [flestir inniliggjandi á Landspítala](#) með staðfest COVID-19 smit í lok viku 48 (31. október 2020), samtals



14. árgangur. 9. tölublað. Desember 2020

64 sjúklingar. Í sömu viku lágu 4 á gjör-gæslu vegna COVID-19 smits, þar af 2 í öndunarvél. Flestir voru í eftirliti hjá COVID-19 göngudeild Landspítala í viku 43 (19. október 2020) eða 1.261 einstaklingur, þar af 218 börn.


Heildarfjöldi koma á dag og göngu-deildir

Komum á dag- og göngudeildir fækkaði ekki jafn mikið milli ára í annarri og þriðju bylgju COVID-19 og í fyrstu bylgjunni. Ef á heildina er lítið varð 9% samdráttur á milli ára í komum á dag- og göngudeildir á öllum heilbrigðisstofnunum samanlagt í vikum 31-48 (mynd 4). Í annarri og þriðju bylgju varð mest fækkun á komum á dag- og göngudeildir frá miðjum október og fram í miðjan nóvember þegar faraldurinn stóð sem hæst. Þess ber að geta að stór hluti þeirrar þjónustu sem COVID-19 göngudeildin á Landspítala veitir fer fram í gegnum símtöl við sjúklinga í einangrun en hér eru aðeins taldar komur á dag- og göngudeildir.


Innlagnir vegna tiltekinna sjúkdóma

[Erlendis hefur það vakið athygli að innlögnum vegna tiltekinna sjúkdóma hefur fækkað á tímum COVID-19.](#) Þetta á t.d. við um innlagnir vegna hjartaáfalla og heilablóðfalla. Nokkur fækkun virðist hafa orðið hér á landi en þó þarf að gera þann fyrirvara að tölur eru lágar og sveiflur milli ára geta því verið miklar. Þá þarf einnig að slá þann varnagla við tölur ársins 2020 að stundum dregst á langinn að setja sjúkdómsgreiningar á sjúkrahúsalegur.

- Útskriftir af sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum vegna **hjartaáfalls** í vikum 31-48 voru 159 eða 31% færri en að meðaltali í sömu vikum síðastliðin fimm ár. Í fyrstu bylgju COVID-19 voru útskriftir vegna hjartaáfalls 12% færri en að meðaltali síðastliðin fimm ár.



Mynd 3. Útskriftir af öllum sjúkrahúsum landsins eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: vistunarskrá heilbrigðisstofnana.



Mynd 4. Göngudeildarkomur á öll sjúkrahús landsins eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: vistunarskrá heilbrigðisstofnana.

- Útskriftir vegna **heilablóðfalls** í vikum 31-48 voru 185 eða 14% færri en að meðaltali í sömu vikum síðastliðin fimm ár. Útskriftum vegna heilablóðfalls fækkaði lítið eitt í fyrstu bylgjunni (-4%) miðað við sömu vikur síðastliðin fimm ár.

Valdar skurðaðgerðir

Skoðaðar voru valdar skurðaðgerðir á Landspítala, gerviliðaaðgerðir á mjóðm og hné og hjarta- og/eða kransæðamyndataka. Ef marka má fjölda útskrifta í vikum 31-48 þá fækkaði aðgerðum í öllum flokkum miðað við meðaltal sömu vikna síðastliðin fimm ár. Mest var

fækkunin á tímabilinu **27. október til 11. nóvember** þegar valkvæðum og ífarandi aðgerðum var frestað tímabundið að tillögu landlæknis. Var það gert í kjölfar þess að Landspítali var færður á neyðarstig eftir að upp kom hópsmit á Landakoti. Vegna hinnar alvarlegu stöðu sem þá ríkti þótti rétt að takmarka eins og kostur væri mögulegar sjúkrahúsinnlagnir. Aðgerðum fjölgaði síðan hægt og rólega aftur eftir að banni við valkvæðum aðgerðum var lyft um miðjan nóvember. Aftur þarf að slá þann varnagla við tölur ársins 2020 að stundum dregst að setja aðgerðarkóða og sjúkdómsgreiningar á sjúkrahúslegur.




14. árgangur. 9. tölublað. Desember 2020

- **Gerviliðaaðgerðir á mjöðm** voru 132 í vikum 31-48 eða 25% færri en að meðaltali í sömu vikum síðastliðin fimm ár. Í fyrstu bylgju COVID-19 fækkaði gerviliðaaðgerðum á mjöðm um þriðjung miðað við fimm ára meðaltal.
- **Gerviliðaaðgerðir á hné** voru 123 í annarri og þriðju bylgju faraldursins sem er 25% fækkun miðað við sömu vikur síðastliðin fimm ár. Gerviliðaaðgerðum á hné fækkaði hins vegar mun meira í fyrstu bylgju eða um 65% miðað við fimm ára meðaltal.
- **Hjarta- og/eða kransæðamyndatökur** (mynd 5) voru 373 í annarri og þriðju bylgju COVID-19 eða 42% færri en að meðaltali í sömu vikum síðastliðin fimm ár. Svipaður samdráttur varð í fyrstu bylgju faraldursins (-38%).


Eins og fram hefur komið þurfti að fresta margs konar valkvæðri þjónustu og gera má ráð fyrir að það taki tíma að vinna úr því. Einnig má gera ráð fyrir því að biðlistar lengist eitthvað þegar starfsemi göngudeilda verður komin í eðlilegt horf en þar fer fram mat á þörf fyrir valkvæðar aðgerðir.

Samskipti við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna


Unnið var úr gögnum frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) um samskipti við sérgreinalækna á samningi við stofnunina. Mynd 6 sýnir fjölda samskipta eftir vikum á tímabilinu janúar til nóvember árin 2019 og 2020. Þar sjást áhrif COVID-19 berlega, þar sem samskiptum fækkaði mjög skarpt eftir að takmarkanir heilbrigðisfyrivalda á valkvæðri starfsemi tóku gildi síðari hluta marsmánaðar (í viku 13) og svo aftur í vikum 44-46 þegar valkvæðum aðgerðum var



Mynd 5. Hjarta- og/eða kransæðamyndatökur (kransæðavíkanir meðtaldar) á Landspítala eftir vikum, janúar til nóvember 2020 og fimm ára meðaltal 2015-2019. Heimild: vistunarskrá heilbrigðisstofnana.



Mynd 6. Fjöldi samskipta við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Fjarþjónusta meðtalin. Heimild: Sjúkratryggingar Íslands.



Mynd 7. Fjarþjónusta (fjöldi samskipta) sjálfstætt starfandi sérgreinalækna eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: Sjúkratryggingar Íslands.



14. árgangur. 9. tölublað. Desember 2020

frestað tímabundið. Var samdrátturinn þó mun meiri í fyrstu bylgju (-35%) heldur en í annarri og þriðju bylgju (-3%). Tekið skal fram að inni í þessum tölum um samskipti er fjarþjónusta sérfræðinga, þ.e. rafræn samskipti og fjarlækningar.


Sé rýnt sérstaklega í tölur um fjarþjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga, þ.e. fjarlækningar og rafræn samskipti, fyrstu ellefu mánuði þessa árs sést að slíkum samskiptum hefur fjölgað verulega, mest í fyrstu bylgju COVID-19 en þó einnig umtalsvert í annarri og þriðju bylgju (mynd 7).

Komur til tannlækna og sjúkrapjálfa


Áhrifa takmarkana heilbrigðisyfirvalda á valkvæða þjónustu vegna COVID-19 gætti jafnframt í starfsemi annars sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks. Tölur Sjúkrtrygginga Íslands um komur til tannlækna á samningi við Sí og til sjálfstætt starfandi sjúkrapjálfa gefa til kynna að áhrifin hafi verið mun meiri í fyrstu bylgju faraldursins heldur en síðar á árinu. Þannig dróst starfsemi tannlækna saman um 52% í fyrstu bylgjunni og sjúkrapjálfa um 54%. Leiða má líkur að því að sú afar takmarkaða þjónusta sem veitt var á þessu tímabili hafi fallið undir bráðþjónustu. Nokkur aukning varð hins vegar í starfsemi tannlækna og sjúkrapjálfa yfir sumarmánuðina þegar minna var um COVID-19 smit í samfélaginu. Lítið breyting virðist vera á heildarfjölda koma til tannlækna (-1,9%) og sjúkrapjálfa (0,3%) í annarri og þriðju bylgju faraldursins í samanburði við fyrra ár.

Lyfjanotkun

Umtalsverður samdráttur hefur orðið á árinu í notkun sýklalyfja. Þannig fækkaði útleystum sýklalyfjaávisunum um 27% í fyrstu bylgju faraldursins miðað við sömu vikur síðastliðin tvö ár og um 24% í annarri og þriðju bylgju. [Sér í lagi dró úr notkun sýklalyfja meðal barna undir](#)



Mynd 8. Fjöldi koma til tannlækna á samningi við Sjúkrtryggingar Íslands eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: Sjúkrtryggingar Íslands.



Mynd 9. Fjöldi koma til sjálfstætt starfandi sjúkrapjálfa eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020. Heimild: Sjúkrtryggingar Íslands.

[fjögurra ára aldri](#), eða um 67% í fyrstu bylgju faraldursins miðað við meðaltal sömu vikna síðustu tveggja ára. Í annarri og þriðju bylgju faraldursins var sýklalyfjanotkun barna á þessum aldri um 45% minni en að meðaltali tvö ár þar á undan.

Það sem af er ári hefur lítil breyting orðið á heildarfjölda útleysta ávísana á þunglyndislyf miðað við síðastliðin tvö ár. Sé þunglyndislyfjanotkun hins vegar greind eftir aldri má greina nokkra aukningu á ávisunum til yngri en 18 ára miðað við sl. tvö ár, um 10% í fyrstu bylgju faraldursins og yfir sumarmánuðina en um 16% í annarri og þriðju bylgju.

Samantekt

Frá upphafi COVID-19 faraldursins hafa íslensk yfirvöld lagt ríka áherslu á að hefta útbreiðslu faraldursins með skimun, smitakningu, sóttkví og einangrun og ýmsum samfélagslegum aðgerðum. Þá hefur verið lögð áhersla á að nauðsynlegir innviðir landsins, sérstaklega heilbrigðiskerfið, væru í stakk búnir til þess að takast á við álagið af faraldrinum. Þær hömlur sem hefur þurft að setja á samskipti fólks til þess að hefta útbreiðslu veirunnar hafa óneitanlega haft áhrif á með hvaða hætti heilbrigðisþjónusta hefur verið veitt. Símtöl og rafræn samskipti hafa orðið mun stærri hluti samskipta en áður.



14. árgangur. 9. tölublað. Desember 2020

Athyglisvert er að bera saman starfsemi heilbrigðisþjónustu á þessu þremur tímabilum, í fyrstu bylgju þegar nýr og óþekktur faraldur blossaði upp, fyrri part sumars þegar smit voru fá og síðan í annarri og þriðju bylgju þegar smitum fjölgaði aftur. Í heilsugæslu fjölgaði samskiptum umfram árlega aukningu á öllum tímabilum, það sama á við um rafræn samskipti og símtöl en komum á heilsugæslustöðvar fækkaði, einkum og sér í lagi í fyrstu bylgju. Útskriftum af sjúkrahúsum fækkaði nokkuð í fyrstu bylgju ef miðað er við meðaltal síðustu fimm ára en eingöngu lítillega í annarri og þriðju bylgju. Komum á dag- og göngudeildir sjúkrahúsa (COVID göngudeild undanskilin) fækkaði mikið í fyrstu bylgju, fjölgaði í sumar og fækkaði síðan eingöngu lítillega í annarri og þriðju bylgju miðað við síðustu ár. Umtalsverð fækkun var á tilteknum valkvæðum skurðaðgerðum á Landspítala í fyrstu bylgju miðað við meðaltal síðustu fimm ára. Aðgerðir voru síðan talsvert umfram meðaltal í vor og sumar þegar smit

	Fyrsta bylgja vikur 10-19	Fá smit vikur 20-30	Önnur og þriðja bylgja vikur 31-48
Heildarfjöldi sýna	54.082	70.988	264.675
Heildarfjöldi greindra	1.797	53	3.541
Heildarfjöldi innlagðra	70	0	241
Heildarfjöldi á gjörgæslu	30	0	19
Andlát	10	0	18

voru fá en urðu aftur færri í annarri og þriðju bylgju þó að fækkunin yrði ekki jafn mikil og í fyrstu bylgju. Mikill samdráttur var í starfsemi sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, tannlækna og sjúkraþjálfara í fyrstu bylgju miðað við síðustu ár, fjölgun í vor og sumar en starfsemi mjög svipuð og í meðalári í annarri og þriðju bylgju.

Þegar á heildina er litið hafði faraldurinn meiri áhrif á heilbrigðisþjónustu almennt í fyrstu bylgju en í annarri og þriðju bylgju þrátt fyrir að fleiri einstaklingar hafi greinst smitaðir í annarri og þriðju bylgju samanlagt en í þeirri fyrstu. Ef á heildina er litið voru 70 sjúklingar lagðir inn á sjúkrahús í fyrstu bylgju en

241 sjúklingar í annarri og þriðju bylgju. Vorið og sumarið nýttist að einhverju leyti til þess að sinna þjónustu sem ekki hafði verið unnt að sinna í fyrstu bylgju.

Rafrænar og rauntíma heilbrigðisskrár embættisins hafa reynst mjög gagnlegar við að vakta starfsemi heilbrigðisþjónustu á tímum COVID-19 þannig að hægt sé að bregðast við eftir aðstæðum hverju sinni. Embætti landlæknis mun áfram fylgjast grannt með starfsemi heilbrigðisþjónustu.

Sigríður Haraldsd. Elínardóttir
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir